

Rammaáætlun

Andmæli vegna rammaáætlunar

Þjósárvirkjanir

Umhverfisáhrif þjósárvirkjana.

Sagt er að áin verði að mestu í farvegi sínum.

Þetta er alrangt því það verður **engin** á eftir, allt frá Þjóðvegi 1 og upp að Þjósárdal. Það verða einungis jökulbrún lón eða þá þurr farvegur sem jökulleir mun fjúka úr, því hann kemur þegar vatn rennur um yfirfall virkjananna. Fjöruborð allra lóna verður að grjótvörja út af öldubroti og því munu allir náttúrulegir árbakkar hverfa þar sem lónin verða.

Vestan við Heiðarlón er áætlað að grafa mikinn skurð samhliða varnargarði sem nær frá Þjósárbrú (gömlu) og upp að Skeiðháholti. Hann á að taka við leka úr lóninu. Á vef Landsv. er sagt að **hugsanlega** verði að bregðast við meiri leka með viðbótaraðgerðum. Spurt hefur verið hvort það séu þverskurðir frá aðalskurði og að Skeiðavegi en ekki hafa fengist svör við því.

Páll Einarsson jarðfræðingur hefur sagt að mikil hætta sé á miklum leka úr lóninu því það er allt á Þjósárhrauninu sem er krosssprungið. Á þessu svæði öllu eru jarðskjálftasprungur 6 - 10 km. djúpar.

Hönnuðir virkjana segja hann fara með bull og þar með er það afgreitt. Þeir segja að áin hafi hlaðið undir sig í áranna rás og árbotninn sé því þéttur.

Þetta eru mikil ósannindi.

Allir íbúar á þessu svæði vita að hvar sem tekinn er húsgrunnur þá sést þar vatnshæð í Þjósá hverju sinni. Auk þess eru nú að koma í ljós fyrir alvöru afleiðingar vatnsmiðlunar á hálendinu upp alla Þjósá. Nýleg mengun í jarðskjálftasprungum við Dælarétt sannar svo ekki verður hrakið hve opið hraunið er upp um öll Skeið (mynd 17). Mengun þessi hefur verið efnagreind sem pappír og kom upp í sprungunum við mikið og snökkt flóð í Þjósá 2010 af völdum Landsvirkjunar. Ljóst má því vera að fráveitur á Skeiðum og niður í Flóa gætu verið í hættu ef virkjað verður við Urriðafoss. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands mun hafa varað við þessu í upphafi vinnu við umhverfismat (Birgir Þórðarson).

Engin möl eða sandur berst nú niður ána. Hún er því núna búin að grafa sig niður á Þjósárhraunið svo að t.d. frá Ferjunesi upp að Urriðafossi eru að koma í ljós samfelldir hraunflákar (mynd 12).

Augljós hætta er því á mikilli röskun grunnvatns á öllu svæðinu frá Urriðafossvirkjun og upp í Þjósárdal.

Jarðfræðingar telja hugsanlegt að miklar kaldavatnslindir séu undir hrauninu milli Þjósár og Hvítár.

Ef þetta er raunin þá er hér um óhemju auðlind að ræða. Af þessu svæði vill Landsv. aflétta vatnsvernd.

Mikil umhverfisáhrif vatnsmiðlunar á hálendinu eru nú þegar orðin. Malartekja var víða gríðarlega mikil við Þjórsá en er nú sem óðast að hverfa.

Nýlegar ljósmyndir sanna að Sultartangalón er nú óðum að fyllast af mól og sandi (mynd 13).

Landsv. áætla að dæla upp úr lónunum á bakka Þjórsár 75 þúsund m³ af jökulleir árlega. Þetta er 7,5 ha. af 1 m þykku lagi. Ekki hefur verið sýnt fram á hvernig hægt sé að hemja þennan leir nema þá með því að úða yfir bindiefnum eins og gert er í Háslóni við Kárahnjúka með tilheyrandi mengun fyrir lífríkið og umhverfið (mynd 14 og 15).

Allir sjá hve gríðarleg umhverfisspjöll þetta verða mitt í blómlegasta landbúnaðarhéraði landsins.

Þá eru ótalin þau miklu neikvæðu áhrif sem þetta mun valda einhverjum auðugustu fiskimiðum landsins svo sem Selvogsbanka.

Fljótlega eftir vatnsmiðlunina inni á hálendinu fóru vísindamenn að merkja skaðleg áhrif og skrifa um það greinar.

Þegar miljónir og aftur miljónir tonna af sandi og mól hætta að berast árlega niður ána og í sjó fram þá gæti orðið vaxandi ógn af ágangi sjávar samhliða hækkandi sjávarborði.

Í Þjórsá er merkilegur og stór laxastofn. Fyrirsjáanlegt er að hann mun stórskaðast eða jafnvel hverfa ef af virkjunum verður. Talið er að 85 % búsvæða hans lendi inn í lónunum.

Allar áætlanir um að bjarga honum eru með öllu órökstuddar og til dæmis í U.S.A. hefur slíkt mistekist hrapalega svo nú er ráðgert að brjóta niður virkjanir þar til að endurheimta laxastofna. Erindi dr. Margaret J. Filardo líffræðings, forstöðukona fiskvegamiðstöðvar (Fish Passage Center) í Oregonfylki í Bandaríkjunum, 3.nóv. síðastliðinn sannar þetta.

Það er líka áformað að gera í Frakklandi.

Sjónræn umhverfisspjöll af þessum áformuðu virkjunum í neðri hluta Þjórsár verða óskapleg. Skógi vaxnar eyjar og náttúruperlur munu hverfa undir lón eða verða á þurru (mynd 2, 3, 4, 5, 6, 8, 9, 10, 11). Einn vatnsmesti foss Íslands, Urriðafoss, nánast hverfur ef af þessu verður (mynd 7 og 16). Andyri Þjórárdals, eins fjölsóttasta ferðamannastaðar landssins, mun spillast svo það verður ekki svipur hjá sjón. Ekki verður hjá því komist að leggja háspennulínur frá þessum virkjunum sem bæði taka mikið ræktunarland og spilla umhverfi.

Á þessu svæði hafa fundist fornleifar sem allar munu hverfa undir lón.

Þær hafa lítið verið rannsakaðar.

Blómleg ferðaþjónustufyrirtæki með hestaferðir um aldagamlar reiðleiðir við ána eru í hættu og munu verða að hætta starfsemi ef af virkjunum

verður. Nú þegar hefur verið hætt við stórfellda uppbyggingu á sumarhúsum og ferðapjónustu í Skálmholtshrauni vegna þessara virkjanaáforma.

Mikið og gott landbúnararland mun hverfa undir lón t.d. við Herríðarhól eða þá að það verður girt frá ánni með risavöxnum varnargörðum og skurðum (mynd 19).

Meðfram öllum lónum verður að grafa upp landið og setja grjótvörn svo alda brjóti ekki niður bakkana eins og gerðist á fyrsta ári við Háslón .

Áhætta

Allar þessar virkjanir í neðri hluta Þjórsár munu koma til með að standa á mesta og hættulegasta jarðskjálftasvæði landsins. Hér geta komið skjálftar af stærðinni 7 st. og meira.

Ekki verður unað við það að framkvæmda og hönnunaraðili geri sjálfur áhættumat eins og raun ber vitni við Þjórsá. Vísindamaður sem ekki vildi una ritskoðun Landsvirkjunar við gerð umhverfismats þurfti að fara með mál sitt til hæstaréttar. Sýnt hefur verið fram á að tölur um vorflóð sem þeir nota eru alrangar. Miðað er við flóð sem er 1000 – 1400 m³.

Til eru mælingar um 2400 m³ rennsli í Þjórsá (síðasta flóð í Ölfusá var um 2600 m³ – mynd 20).

Þetta er óásættanlegt og háskalegt. Athugaðar hafa verið af óháðum aðilum flóðtölur við stíflurof í Skálmholti. Þá kom í ljós að flóðhæð gæti orðið 2,7 m en ekki 0,2 m eins og Landsv. heldur fram.

Íbúum svæðisins er sagt að stíflurof geti einungis orðið með því að smátt og smátt rofni úr stíflunni líkt og þegar flæðir yfir veg.

Þetta stenst ekki. Við Urriðafoss kastaði holtið af sér jarðveginum svo hann bunkaðist niður undir veg í jarðskjálftunum árið 2000

Sama gerðist á Skarðsfjalli á Landi í skjálftunum miklu 1896.

Þegar búið er að gera a.m.k 3 mikil lón með tugmiljónum tonna af vatni gefur það auga leið að keðjuverkun getur orðið ef efsta stíflan rofnar.

Ef gos verður í Bárðarbungu getur orðið hamfaraflóð sem kemur í Tungná og þaðan beint niður í Þjórsá með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir byggðirnar við ána. Síðasta sumar kom aðvörun um þetta þegar mikið flóð kom í Hágöngulón og einskær tilviljun réði að ekki fór verr þar sem vatn var í lámarki í lóninu. Stórt vik í Hágöngulóni er fullt að aur og leðju eftir þetta flóð (mynd 1).

Næg er hættan fyrir þótt ekki bætist öll þessi lón við.

Þarna er því verið að gera manngerða hættu sem íbúar svæðisins eiga að þola 365 daga ársins.

Landsv. áætlar að reisa girðingar til að torvelda aðgengi að ánni á vissum svæðum. Áformað er líka að setja upp viðvörunarflautur ef hætta skapast.

Er það ætlunin að íbúar við Þjórsá skuli yfirgefa heimili sín ef flauturnar fara af stað?

Þá er verið að skapa okkur til frambúðar aðstæður sem íbúar undir Eyjafjöllum og Landeyjum hafa mátt þola í síðustu eldgosum. Víða um land hafa verið reistir snjóflóðavarnargarðar fyrir miljarða króna til varnar byggðunum og er það vel. Sú hætta varir þó oft ekki nema örfáa daga á ári. Þessu má líkja við að taka Esjuna burt frá höfuðborginni og setja uppistöðulón í staðinn sem flætt geti yfir borgina við stíflurof.

Umfjöllun

Þeir faghópar sem telja sig geta raðað blómlegum byggðum á dauðalista yfir stórvirkjanir, verða að átta sig á að það býr olk á þessu svæði.

Á kynningu á Selfossi sem faghópar rammaáætlunar stóðu fyrir var hvergi talað um olk.

Þetta eru forkastanleg vinnubrögð og talandi dæmi um það ofbeldi sem við íbúar á svæðinu höfum mátt þola í þessu efni.

Landsvirkjun hefur á undanförnum olk rekið linnulausann áróður fyrir þessum virkjunum sem kostað hefur jafnvel hundruð miljóna króna.

Ef litlir ferðahópar á þessu svæði, svo sem barnaskólabörn eða kirkjukórar, hafa brugðið sér frá bæ þá hafa þeir fengið styrki frá Landsv. Við sem barist höfum fyrir náttúrunni, lífríkinu og ekki síst fólkinu sjálfu höfum orðið að fórna vinnutímum og fé fyrir okkar málstað.

Rammaáætlun var ætlað að vera sáttaplagg milli aðila. Um þessar virkjanir í byggð getur alls ekki orðið nein sátt. Þær munu hafa svo gríðarleg óafturkræf skaðleg áhrif á landið, lífríkið og fólkið.

Nú þegar er búið að vinna óbætanlegt tjón. Fólk hefur verið hrakið úr störfum fyrir sinn málstað. Sveitarstjórnir hafa nú nýlega rétt fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar barið í gegn bindandi samninga til að þóknast Landsvirkjun, í trássi við meirihluta kjósenda sem höfðu áður með undirskrift sinni mótmælt þessum virkjanaáformum.

Það er ekki sæmandi nokkru þjóðfélagi að olk geti ekki látið uppi sínar skoðanir öðru vísi en eiga það á hættu að verða rekið fyrirvaralaust úr störfum eða nefndum sveitarfélaga sem hlut eiga að máli. Hér í sveitunum við Þjórsá eru því miður mörg dæmi um þetta og hópar olks í opinberum störfum veigra sér við að láta uppi skoðun sína af ótta við að verða sagt upp af tylliástæðum.

Ég bið ykkur í þessum faghópum öllum svo og þingmenn sem um rammaáætlun fjalla að ihuga þetta alvarlega.

Það er ærið verkefni hjá fólki í dag að ráða fram úr þeim vandamálum sem steðja að þjóðinni svo ekki bætist það við að missa áttuga sína undir erlenda auðhringa.

Myndaskrá

Nr.	Heiti	Lýsing
1	DSC_3063.jpg	Hágöngulón og nýlegt aurflóð.
2	DSC01149.jpg	Viðey í Þjórsá og á áhrifasvæði virkjunar.
3	DSC01152.jpg	Þjórsá í Gnúpverjahreppi.
4	DSC01156.jpg	Þjórsá í Gnúpverjahreppi.
5	DSC01277.jpg	Steinbogi á austurbakka Þjórsár.
6	DSC01278.jpg	Steinbogi á austurbakka Þjórsár, Stóri-Núpur í baksýn.
7	DSC02395.jpg	Urriðafoss.
8	DSC02443.jpg	Búðafoss.
9	DSC02447.jpg	Búðafoss.
10	DSC02459.jpg	Steinbogi á austurbakka Þjórsár.
11	DSC02463.jpg	Viðey í Þjórsá og á áhrifasvæði virkjunar.
12	DSC02695.jpg	Hraunflákar í Þjórsár við Ferjunes.
13	DSC06738.jpg	Grynningar í Sultartangalóni.
14	DSC07372.jpg	Bindiefni við Háslón, Kárahnjúkum.
15	DSC07380.jpg	Rykbinding við Kárahnjúkavirkjun.
16	DSCF2201.jpg	Urriðafoss í vetraskrúða.
17	DSC_2149.jpg	Mengun í jarðsprungum við Dælarétt.
18	DSC_2162.jpg	Jarðskjálftsprunga við Dælarétt eftir jarðskjálfann árið 2000.
19	DSC03988.jpg	Herríðarhóll þar sem land fer undir lón.
20	DSCF2064.jpg	Flóð í Ölfusá 2006.

Með vinsemd, Ólafur Sigurjónsson Forsæti III Flóahreppi